

Minnisblað starfshóps um fræðslu- og félagsþjónustu

Um starfshópinn

Eftirtaldir skipuðu hópinn: Anna Huld Óskarsdóttir, formaður fræðslunefndar í Mýrdalshreppi, Auður Erla Logadóttir, leikskólastjóri Heklukoti, RY, Sigrún Björk Benediktsdóttir, leikskólastjóri Leikskólanum Laugalandi RY, Birna Sigurðardóttir, skólastjóri Hvolsskóla, REY, Brynja J. Jónsdóttir, í sveitarstjórn í Ásahreppi, Elín Grétarsdóttir, í sveitarstjórn í Ásahreppi, Elín Einarsdóttir, skólastjóri Víkurskóla, Kristín Sigfúsdóttir, skólastjóri grunnskólans á Hellu, Lilja Magnúsdóttir, kynningarfulltrúi Skaftárhrepps, Guðrún Sigurðardóttir, skólastjóri heilsuleikskólans Kærabæjar á Klaustri, Lilja Einarsdóttir oddviti og formaður fræðslunefndar í REY. Sandra Rún Jónsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Rangæinga, Sigurjón Bjarnason, skólastjóri Laugalandsskóla í RY, Sólbjörk Sigríður Gestsdóttir, leikskólastjóri Arkar á Hvolsvelli, Svava Davíðsdóttir félagsmálafulltrúi, Þorbjörg Kristjánsdóttir heimþjónusta og í fræðslunefnd Mýrdalshrepps, Þórunn Jóna Hauksdóttir, formaður skólalþjónustunnar, Valborg Jónsdóttir skólastjóri leikskólans Arkar á Hvolsvelli.

Starfshópurinn fundaði fimm sinnum dagana 21/8, 27/8, 11/9, 16/9 og 17/9 2020.

Hlutverk hópsins: Að fjalla um starfsemi á sviði fræðslumála og félagsmála.

Skólastarf

Grunnskólar

Það eru 5 grunnskólar á svæðinu. Í þeim eru 548 nemendur.

Kirkjubæjarskóli	38 nemendur
Víkurskóli	61 nemendur
Laugalandsskóli	80 nemendur
Grunnskólinn á Hellu	132 nemendur
Hvolsskóli	237 nemendur

Flestir starfsmenn eru með fagmenntun, nokkrir eru í námi en örfáir eru með aðra menntun en kennarapróf (á Klaustri eru tveir kennarar í fæðingarorlofi og voru ráðnir leiðbeinendur til að leysa þá af). Stöðugildi stjórnenda og kennara í þessum 5 skólum eru: Í Kirkjubæjarskóla 6 stöðugildi (annað starfsfólk 5), Víkurskóli: Hvolsskóli, Grunnskólinn á Hellu, Laugalandsskóli Samtals: Allir skólarnir bjóða upp á lengda viðveru. Börnin koma með skólabílum í alla skólana en hlutfallið er hæst á Klaustri og Laugalandsskóla.

Leikskólar:

Það eru 5 leikskólar á svæðinu með samtals 264 nemendur.

Kæríbær á Klaustri	33 nemendur
Mánaland í Vík	24 nemendur
Örk á Hvolsvelli	90 nemendur
Heklukot á Hellu	77 nemendur
Leikskólinn Laugalandi	40 nemendur

Á svæðinu. Í sumum leikskólunum hefur gengið vel að ráða fagmenntaða kennara en síður á öðrum stöðum. Það er greinilega eitt af viðfangsefnum þessa skólastígs að reyna það sem hægt er til að ráða fleiri með fagmenntun í umönnun og kennslu barna á leikskólum.

Tónlistarskólar

Það eru 3 tónlistarskólar: Tónlistarskóli Skaftárhrepps, 23 nem, tveir starfsmenn, stöðugildi 1,5. Tónskóli Mýrdalshrepps þar eru 30 nem, 2 starfsmenn í 1,8 stöðugildum og Tónlistarskóli Rangæinga þar sem eru 258 nemendur, 20 starfsmenn í 9,7 stöðugildum. Langflestir kennarar og stjórnendur í tónlistarskólunum eru með fagmenntun. Samtals eru þetta 311 nemendur og stöðugildi kennara eru um það bil 13.

Framtíðaráskoranir í málaflokknum

Húsnæðismál eru víða aðkallandi verkefni: Nýr leikskóli er á teikniborðinu á Hvolsvelli og nauðsynlegt að byggja nýjan leikskóla á Hellu. Hvolsskóla þarf að stækka vegna fjölgunar nemenda. Á Kirkjubæjarklaustri þarf að byggja list- og verkmenntastofur og tónlistarskólinn er á hrakhólum. Í Vík er leikskólinn ekki í góðu húsnæði og bæta þarf aðstöðu list- og verkmennta við Víkurskóla og tónlistarskólinn þarf betra húsnæði.

Framtíðarsýn í sameinuðu sveitarfélagi

Skólaakstur er mjög mikill, sérstaklega á Klaustri og Laugalandsskóla. Það þarf að skoða hvernig á að skipta þeim kostnaði í sameinuðu sveitarfélagi. Samvinna skólanna í hverju sveitarfélagi er allnokkur og er tekið fram að það vilja menn ekki missa. Nemendur fá að fara út úr kennslustundum í tónlistartíma og elstu börnin úr leikskólanum eru í skólaaðlögun í grunnskólanum. Spurning hvernig mætti auka samvinnu milli skólanna sem eru í öðrum sveitarfélögum. Þar kæmi tæknin að góðum notum en líka þurfa menn að hittast og þá skipta góðar samgöngur öllu máli. Fjarkennsla er möguleiki sem á eftir að þróa meira.

Hvað þarf að varast?

Að steypa alla skólana í sama mót. Að fækka stjórnendum, það er mikilvægt að stjórnendur séu á vettvangi. Það er varhugavert að ætlast til að starfsfólk vinni á mörgum starfsstöðvum vegna þess hversu langt er á milli. Starfsfólk gefst iðulega upp ef því er ætlað að keyra langt á milli vinnustaða. Að afskekktari staðir verðir einangraðir og fái síður persónulega þjónustu. Gæta jafnræðis ef nemendur eiga að geta valið um skóla, hvaða reglur eiga að gilda; aldur barna, lögheimili barnsins eða hvar foreldrarnir stunda vinnu? Gæta þess að tengsl stofnana við stjórnsýsluna verði góð þrátt fyrir að það verði minni nánd, skólanna og stjórnsýslunnar. Íhuga vel allar breytingar, ekki breyta til að breyta.

Hvað viljum við alls ekki missa?

Allir nefna að þeir vilji að skólarnir fái að halda sjálfstæði sínu og mismunandi áherslum. Gæta vel að því að samstarf foreldra við hvern skóla haldist. Hver sveit á sína menningu og því vilja menn halda. Á sumum stöðum er boðið upp á 3ja daga vistun í leikskóla því börnin koma langt að, á einum stað fá foreldrar greitt ef það er lengra en 20 km að aka barni í leikskóla, ritföng eru greidd á öllum stöðum fyrir grunnskólanemendur en aðeins mismunandi form á því.

Allir leikskólar eru með vistun frá eins árs aldri. Fólk vill halda í samfellu í tómsstunda- og skólastarfi sem kallar á að skólabílar fari fleiri en eina ferð heim með nemendur. Allir nefna hvað er mikilvægt að halda samstarfinu á milli skólastiga t.d. leikskólabrúin á Hvolsvelli og nefnt er að bygging leikskóla við grunnskólann á Hellu muni auka samskiptin milli leik- og grunnskóla.

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Sveitarfélögin fimm, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur reka saman byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu sem ber nafnið Félags- og

skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. Þjónustan er því þegar veitt með samræmdum hætti á svæðinu.

Skólaþjónusta¹

Um starfsemi skólaþjónustunnar gildir reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019. Starfsemin nær einnig yfir þjónustu ráðgjafa og sérfræðinga sem starfa eftir lögum um störf þeirra. Í reglugerðinni er kveðið á um stuðning annars vegar við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Ráðgjöf, stuðningur og fræðsla er veitt einstökum nemendum, nemendahópum og foreldrum barna í leik- og grunnskólum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Sama þjónusta er veitt í öllum tíu skólunum á svæðinu auk fræðslu, ráðgjafar og leiðbeininga um starfshætti og starfsumhverfi og nýbreytni- og þróunarstarf. Tilgangurinn er að efla skóla sem faglegar stofnanir, sbr. reglugerð.

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og forvarnir og að meðalhófs sé gætt við lausn viðfangsefna. Skólar, foreldrar og skólaþjónusta leita allra leiða til að leysa mál áður en aðilar sammælast um að vísa formlega til ráðgjafa eða sérfræðings.

Hjá skólaþjónustunni eru ígildi 5,78% starfshlutfalls sem skiptast milli forstöðumanns, kennsluráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðings, talmeinafræðings og ritara. Allir hafa menntun á sínu sviði; sálfræðingar² og talmeinafræðingur hafa klínísk réttindi og aðrir sérfræðingar eru í eða hafa lokið meistaraáráðu auk sérhæfðra námskeiða.

Framtíðaráskoranir

Margir utanaðkomandi þættir eru viðvarandi áskoranir: Pólítískar, efnahagslegar, samfélagslegar, tæknilegar, lagalegar og umhverfislegar (PESTLE). Í náninni framtíð eru megináhrifaþættir í fyrsta lagi sameining/aukið samstarf sveitarfélaga og samdráttur í atvinnulífi í umdæminu og áhrif þess á gæði skólastarfs. Í öðru lagi eru tækifæri fólgin í tæknilausnum sem geta bætt og aukið tímann sem fer í ráðgjöf og leiðsögn og dregið úr mengandi akstri. Í þriðja lagi er tækifæri í endurbættu regluverki þar sem sífellt meiri áhersla er á heildstæða nálgun og forvörn (vera pro-active frekar en re-active).

Framtíðarsýn fyrir lærdómssamfélag umdæmisins

Framúrskarandi lærdómssamfélag – sem byggir á gæðum í skólastarfi, faglegri ígrundun og samtakamætti – stuðlar að velsæld og hæfni hvers nemanda til fullrar þátttöku í framhaldandi námi og starfi.

Tækifæri felast í öflugri og skipulagðri samvinnu, betri nýtingu mannauðs, sameiginlegum innkaupum, markvissari fræðslu og menntun, auknu faglegu samstarfi, styrkingu sérhæfðs mannauðs, samhæfingu skóladagatala.

Hvað þarf að varast?

Fella alla í sama mót, margar ólíkar stefnur, ein stefna taki yfir.

Hvað viljum við alls ekki missa?

Séreinkenni hvers skóla, tengingu við náttúruna og nærsamfélagið, lausnamiðaða nálgun á áskoranir, traust milli skóla á svæðinu, viðurkenningu á sérhæfingu starfsfólks ...

¹ Byggt á greinargerð frá Þórunni Jónu Hauksdóttur, forstöðumanni skólaþjónustunnar Hvolsvelli, frá 11. september 2020.

² Þjónusta sálfræðings er keypt í verktöku.

Félagsþjónusta³

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu annast félagsþjónustu sveitarfélaganna í Ása-hreppi, Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Félagsþjónustan sinnir þeim verkefnum sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum og lögum um málefni fatlaðs fólks. Aðildarsveitarfélög greiða mánaðarlegt framlag til félagsþjónustunnar skv. Fjárhagsáætlun. En kostnaður við einstaka mál innan málaflokks félagsþjónustu greiðist af viðkomandi lögheimilissveitarfélagi. Sveitarfélögin eru aðilar að byggðasamlagi sem heitir Bergisinn ásamt Hveragerðisbæ, Sveitarfélaginu Ölfusi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Flóahreppi, Bláskógarbyggð, Hrunamannahreppi, Skeiða og Gnúpverjahreppi og Sveitarfélaginu Árborg. Aðildasveitarfélög Bergisins fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum.

Skrifstofur félagsþjónustunnar er staðsettar á Hellu. Í sveitarfélögunum búa u.þ.b. 5.300 manns. Félagsleg Heimaþjónusta er einnig innan félagsþjónustu fyrir utan tvö sveitarfélög. Hjá félagsþjónustu eru 5,9 stöðugildi. Sex starfsmenn þar af fimm með háskólamenntun.

Framtíðarsýn í sameinuðu sveitarfélagi:

- Einföldun verkferla og samræmingu verkferla á milli sveitarfélaga.
- Nýta fjarfundarbúnað og tæknilausnir í vinnu á stóru svæði.
- Varðveita þarfir hvers sveitarfélags fyrir sig þrátt fyrir sameiningu

Hvað þarf að varast:

- Hætta á aukinni einangrun á afskekktari stöðum.
- Varðveita þarfir hvers sveitarfélags fyrir sig þrátt fyrir sameiningu

³ Svava Davíðsdóttir, félagsmálastjóri skrifaði um félagsþjónustuna Hella 11.09.2020